

## 2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

## 3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

## 4. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til banka-vaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

## 5. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

## 6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna í 1. gr. laganna „í næstu 5 ár“ komi: í næstu 10 ár, og í stað orðanna „10 aurar“ komi: 30 aurar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*